

## Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Föstudaginn 19. febrúar 2016 var haldinn 153. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Líndal Haraldsson og Haraldur Sverrisson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Undir lið eitt og tvö sátu fundinn þau Árni Claessen og Svava Ólafsdóttir, endurskoðendur frá KPMG og Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarsson, frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkur. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

### Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2015  
Ársreikningar SHS, SHS fasteigna og Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins lagðir fram með samstæðureikningi til samþykktar. Endurskoðandi kynnti endurskoðunar-skýrslu ársins 2015.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Ársreikningur SHS og samstæðu 2015, dags. 19. febrúar 2016.
  - Ársreikningur SHS fasteigna 2015, dags. 19. febrúar 2016.
  - Ársreikningur AHS 2015, dags. 19. febrúar 2016.
  - Endurskoðunarskýrsla KPMG v. ársins 2015, dags. 19. febrúar 2016.*Afgreiðsla:* Ársreikningur samþykktur og undirskrifaður.
2. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur  
Ólafur Kristinsson, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkur, fór yfir störf nefndarinnar fram til þessa.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Um störf endurskoðunarnefndar og ársreikning 2015, dags. 18. febrúar 2016.*Afgreiðsla:* Kynning.
3. Starfsreglur stjórnar  
Starfsreglur stjórnar lagðar fram til umfjöllunar og samþykktar.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Starfsreglur stjórnar SHS, dags. 15. janúar 2016.*Afgreiðsla:* Samþykktar.
4. Byggingaráform Neyðarlínu á lóð slökkvistöðvar við Skútahraun  
Slökkviliðsstjóri kynnti fyrirhuguð áform um byggingu geymsluhúsnæðis á lóð SHS við Skútahraun 6 í Hafnarfirði.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Heimild Hafnarfjarðarbæjar v. lóðar Skútahrauni, dags. 27. janúar 2016.*Afgreiðsla:* Slökkviliðsstjóra veitt heimild til þess að vinna að framgangi málsins.
5. Önnur mál
- 5.1 Tilnefning í nefnd um hættumatsviðmið vegna vatns- og sjávarflóða.  
Slökkviliðsstjóri hefur verið tilnefndur f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um hættumatsviðmið vegna vatns- og sjávarflóða.  
Eftirfarandi lagt fram:
  - Tilnefning í nefnd um hættumatsviðmið vatns- og sjávarflóða, dags. 1. febrúar 2016.*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir setu slökkviliðsstjóra í nefndinni.

- 5.2 Lóð fyrir nýja slökkvistöð í stað Tunguháls.  
Slökkviliðsstjóri kynnti stöðu mála varðandi nýja lóð fyrir slökkvistöð í stað stöðvarinnar í Tunguhálsi.  
*Afgreiðsla:* Slökkviliðsstjóri falið að vinna áfram að málinu og ræða við skipulagsyfirvöld í Reykjavík og Kópavogi.

**Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 18. mars 2016.**

### **Fundi slitið klukkan 09.30**

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur SHS og samstæðu 2015, dags. 19. febrúar 2016.
- Ársreikningur SHS fasteigna 2015, dags. 19. febrúar 2016.
- Ársreikningur AHS 2015, dags. 19. febrúar 2016.
- Endurskoðunarskýrsla KPMG v. ársins 2015, dags. 19. febrúar 2016.
- Um störf endurskoðunarnefndar og ársreikning 2015, dags. 18. febrúar 2016.
- Starfsreglur stjórnar SHS, dags. 15. janúar 2016.
- Heimild Hafnarfjarðarbæjar v. lóðar Skútahrauni, dags. 27. janúar 2016.
- Tilnefning í nefnd um hættumatsviðmið vatns- og sjávarflóða, dags. 1. febrúar 2016.

Dagur B. Eggertsson  
Ásgerður Halldórsdóttir  
Haraldur Sverrisson

Gunnar Einarsson  
Ármann Kr. Ólafsson  
Haraldur L. Haraldsson